

Fundargerð



Fundarritari	Fundardags.	Fundartími	Fund boðaði	Dags fundarrit.
Margrét Helga Hallsdóttir	07.11.2023	12:30	Ingileif	07.11.2023
Mættir: Sigurjón Rafnsson, Ingileif Oddsdóttir, Þorkell Þorsteinsson, Kristján Bjarni Halldórsson, Guðrún Ottósdóttir, Árni Gunnarsson, Aðalheiður Reynisdóttir, Kristjana Jónasdóttir, Einar Ísfjörð, Erla Einarsdóttir				
Fjarverandi: Stefán Vagn Stefánsson og Ásta Pálmadóttir				

Dagskrá

- Skólahald haustannar
 - Nemendatölur
 - Mannahald
- Nýtt námsframboð
- Þróun námsmats
- ÍSÓ vottun
- Húsnæðismál
- Fjármál
- Önnur mál

nr.	Fundargerð dagskrárliðs	ath.
1.	Kristján segir frá nemendatölum. Samtals eru 741 nemendur í skólanum, þar af 613 nemendur með FNV sem aðalskóla og 128 nemendur með FNV sem aukaskóla. Ánægjulegt er að sjá fjölgun	

Fundargerð



	<p>undanfarin ár. Nemendur koma frá öllum landshlutum en langflestir frá Norðurlandi vestra. 71 nemandi kom beint úr grunnskóla í FNV nú í haust.</p> <p>Í vor hættu þrír starfsmenn, þ.e. Steinunn Helga Sigurðardóttir, Helga Ottósdóttir og Atli Már Óskarsson. Helgi Torfason hætti á helgarvöktum á heimavist skólans í september.</p> <p>Nýjir starfsmenn eru Kristjana Sigríður Pálsdóttir í ræstingarteymi, Kristján Geir í bifvélavirkjun, Ingvar Guðmundsson í rafiðngreinum og bifvélavirkjun, Ingi Magnús í rafiðngreinum, Hörður Ríkhartsson leysir Lee Ann Maginnis af sem umsjónarmaður dreifnáms á Blönduósi, Jón Hörður Elíasson stuðningsfulltrúi á starfsbraut, Margrét Jónsdóttir leysir Ingibjörgu Ösp af í sjúkraliðanámi. Vala Hrönn Margeirsdóttir vistarliði, Sigfús Arnar Benediktsson vistarliði, Björn Sighvatz og Guðbjörg Bjarnadóttir komu aftur inn eftir námsleyfi.</p>	
2.	<p>Hafdís Einarsdóttir verkefnastjóri matvælanáms er að vinna að nýrri námsbraut – matvælabraut ásamt fyrirtækjum á svæðinu. Þetta skólaár verður nýtt í vinnu og þróun að nýrri námsbraut en markmiðið er að bjóða upp á nám haustið 2024.</p>	
3.	<p>Vinna hefur verið við þróun leiðsagnarmats í skólanum. Minni áhersla er nú á próf en meiri á verkefnaskil. Nemendur byggja nú einkunnina sína upp jafnóðum. Það nýjasta eru vörðudagar en þá er staldrað við tvisvar yfir önnina, nemendur fá umsagnir í Innu og kennarar boða nemendur í viðtöl eins og við á. Þetta er góð leið til að halda betur utan um nemendur og til að minnka brotthvarf.</p>	
4.	<p>FNV fékk ÍSÓ vottun síðastliðið vor. Verið er að endurskoða alla verkferla og slíkt og verið að betrumbæta.</p>	
5.	<p>Ingileif færir góðar fréttir þar sem vinna við stækkun verknámshúss hefur formlega verið sett af stað. Eftir áramótin verður útboð og stefnt að fyrstu skóflustungu næsta vor.</p>	
6.	<p>Guðrún Ottósdóttir fór yfir fjárlögin fyrir árið 2024. Lítilsháttar breyting frá árinu 2023.</p>	
7.	<p>Önnur mál: Einar Ísfjörð, formaður nemendaráðs segir frá starfi nemendafélagsins en þau hafa verið að skipuleggja menningarkvöld og leikritið. Minni viðburðir hafa verið haldnir svo sem íþróttamót sem hafa verið vel sótt, gleðidagar og fleira. Einar telur góðan anda</p>	

Fundargerð



<p>vera meðal nemenda. Einar talar einnig um að mikilvægt sé fyrir kennara og annað starfsfólk að vera sýnileg og gefa sér að nemendum og spjalla á göngum skólans.</p> <p>Ingileif segir frá því að skólahjúkrunarfræðingur muni koma inn í 15% starfshlutfall. Þeir nemendur sem þurfa á sálfræðiaðstoð að halda geta fengið tilvísun hjá námsráðgjafa eða félagsráðgjafa og skólinn greiðir fyrir 3-5 viðtöl.</p>	
--	--

Ef við á: Niðurstaða, ákvarðanir teknar, málum vísað áfram, hver ber ábyrgð, tímasetningar, hver fær sendar upplýsingar, tímasetningar og annað sem að tengist dagskrá fundarins.

Hvar er fundargerð geymd (og birt ef við á):

Fundargerð er geymd á skrifstofu skólameistara, sarpinum og á heimasíðu skólans.